



Reykjavík, 29. febrúar 2024

USK24020064

ERINDISBRÉF

Starfshópur um verklagsreglur um álagningu gjalda vegna stöðubrota í Reykjavík

Ábyrgðarmaður: Ólöf Örvardóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Inngangur:

Vinna bílastæðasjóðs við að hafa eftirlit með bifreiðastöðum í borginni er mjög mikilvæg til að tryggja öryggi og aðgengi allra vegfarenda. Á sama tíma er mikilvægt að aðgerðir séu fyrirsjáanlegar og í samræmi við tilefni. Í sumum tilfellum er nokkuð ljóst að um brot er að ræða, líkt og þegar lagt er á gangstétt eða of nærri gangbraut en í öðrum tilfellum ekki.

Vinna og verklag bílastæðasjóðs er í nokkuð föstum skorðum byggt á heimildum umferðarlaga og fyrirliggjandi heimildum um hvar megi leggja ökutæki, m.a. frá aðstæðum á vettvangi, skipulagi og aðaluppráttum. Að undanfögnu hafa komið til umfjöllunar mál þar sem álagning gjalda bílastæðasjóðs virðist koma íbúum á óvart og gjarnan á stöðum þar sem íbúar telja sig hafa verið að leggja löglega. Því er tilefni til að fara yfir hvernig samræma má vinnuna betur stefnum borgarinnar m.a. þjónustustefnu. Hópurinn er skipaður í kjölfar samþykktar fundi umhverfis- og skipulagsráðs 7. febrúar 2024 um að skipa starfshóp til að vinna drög að verklagi um álagningu gjalda vegna stöðubrota.

Hlutverk:

Að vinna drög að verklagsreglum um framkvæmd álagningu gjalda vegna stöðubrota í Reykjavík með áherslu á fræðslu, upplýsingagjöf og góða þjónustu við íbúa í samræmi við þjónustustefnu borgarinnar. Líta skal til markmiða umferðarlaga sem og umferðaröryggisáætlunar borgarinnar, um umferðaröryggi með sérstakri áherslu á öryggi þeirra sem nýta virka ferðamáta og annarra viðkvæmra hópa í umferðinni. Tryggja skal jafnræði og gæta þess að sambærileg mál séu meðhöndluð með sambærilegum hætti.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Fara yfir núverandi ferli/verklag.
- Fara yfir heimildir og stjórnsýslulegan bakgrunn.
- Greina úrbótatækifæri m.a. m.t.t. betri miðlunar upplýsinga, umferðaröryggis, aðgengis og þjónustu.
- Gera tillögu að breytingum á verklagi.
- Gera tillögu að kynningar- og upplýsingaefni.



Reykjavík

**Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:**

- Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, formaður, skrifstofa samgangna og borgarhönnunar.
- Raket Elíasdóttir, bílastæðasjóður.
- Albert Svanur Heimisson, bílastæðasjóður
- Auðun Helgason, skrifstofa stjórnslu og gæða
- Borghildur Sturludóttir, embætti skipulagsfulltrúa.
- Óskar Torfi Þorvaldsson, embætti byggingarfulltrúa.
- Halldóra Traustadóttir, skrifstofa þjónustu og samskipta
- Silja Lind Haraldsdóttir, skrifstofa þjónustu og umbreytinga.

Gert er ráð fyrir að hópurinn hittist eftir atvikum allur eða að hluta.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Natan Freyr Guðmundsson, sérfræðingur

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á, t.d. hjá öðrum starfsmönnum bílastæðasjóðs m.a. hjá þeim sem annast útgáfu íbúakorta og afgreiðslu endurupptökubeiðna.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok maí 2024.

Ólöf Örvarsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Sviðsstjóri



Reykjavík